



Persónuvernd
Rauðarárstíg 10
105 Reykjavík

[Sent rafrænt á postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is)

Reykjavík, 30. október 2020

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um drög að starfsleyfi fjárhagsupplýsingastofa

Þann 8. október 2020 birti Persónuvernd á heimasíðu sinni drög að skilmálum í starfsleyfum til fjárhagsupplýsingastofa. Segir m.a. að samin hafi verið drög að slíkum skilmálum og að aðilar hafi frest til 30. október 2020 til að veita umsögn við drögin. Með skilmálunum voru auk þess birt bréf Persónuverndar til fjárhagsupplýsingastofunnar Creditinfo Lánstraust hf., dags. 7. október 2020, en segir að Creditinfo hafi fengið tækifæri til að gera athugasemdir við drögin að skilmálunum á fyrri stigum.

Neytendasamtökin og Alþýðusamband Íslands (hér eftir nefnd samtökin) fagna tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við drög að skilmálum í starfsleyfum til fjárhagsupplýsingastofa. Samtökin benda á að í júní sl. sendu þau sameiginlega umsögn um starfsleyfi Creditinfo. Umsögin var unnin af frumkvæði samtakanna og send Persónuvernd vegna þeirra starfshátta sem viðhafðir hafa verið hjá Creditinfo, sbr. m.a. fyrirbyggjandi kvörtun Neytendasamtakanna til Persónuverndar vegna starfshátta Creditinfo frá 16. júní 2020.

Í fyrirbyggjandi drögum að skilmálunum virðist sem Persónuvernd hafi að nokkru leyti tekið tillit til athugasemda samtakanna frá því í júní sl. Vísar samtökin til alls þess sem þar kemur fram en telja auk þess ástæðu til að gera eftirfarandi athugasemdir við drögin. Athugasemdir samtakanna eru settar fram í sömu efnisröð og einstakar greinar í drögum skilmálanna.

Almennt

Samtökin telja ástæðu til að áréttar að Creditinfo er í dag eina félagið með starfsleyfi sem fjárhagsupplýsingastofa á Íslandi. Félagið er fjárhagslega sterkt, með starfsemi í mörgum löndum og með yfirburðarstöðu á innlendum markaði.

Þannig leggja íslensk fjármálafyrirtæki og aðrir innlendir lánveitendur fjárhagsupplýsingar frá Creditinfo til grundvallar við ákvörðun um lánveitingu og fjárhagsupplýsingar frá Creditinfo virðast m.a. hafa haft áhrif á hvort aðilar eigi rétt á lánaþyrngreiðslum frá fjármálafyrirtækjum vegna sértækra aðgerða í tengslum við heimsfaraldur COVID-19. Þannig hefur vinnsla fjárhagsupplýsinga hjá Creditinfo, þ.m.t. skráning þeirra, s.s. skráning á vanskilaskrá, áhrif á hvort aðilar teljist uppfylla lögbundin skilyrði.

Samtökin telja mikilvægt að haft sé í huga að um er að ræða skilmála sem munu, a.m.k. í fyrstu, ná til starfsemi eins félags sem er í yfirburðarstöðu á innlendum markaði, hvort heldur sem horft er til samkeppni, aðgangs að upplýsingum og meðferð upplýsinga. Má jafnvel segja að starfsemi Creditinfo sé samofin innlendu fjármálakerfi. Þá ber að horfa til þess að iðulega er um að ræða ólíka stöðu aðila, annars vegar fjárhagsupplýsingastofu í yfirburðarstöðu á innlendum markaði með samninga við öll innlend fjármálafyrirtæki og hins vegar neytanda, einstaklings sem hefur lent í vanskilum og kann að komast lítið áleiðis með réttindi sín gagnvart félaginu. Þurfa úrræði neytenda gagnvart félaginu því að vera einföld, ódýr og virk. Þá ber að túlka ákvæðin þröngt og óskýrleika neytendum í hag.

Í því ljósi og með hliðsjón af fyrri starfsháttum Creditinfo, sbr. m.a. fyrrgreinda kvörtun Neytendasamtakanna frá 16. júní 2020, telja samtökin að miklu skipti að fyrir liggja hvernig Persónuvernd hyggst sannreyna að unnið sé með gögnum á þann hátt sem lýst er í starfsleyfinu. Þá þarf að liggja fyrir hvernig eftirliti Persónuverndar verði háttáð, svo sem með reglulegum úttektum á starfsháttum leyfishafa. Samtökin leggja áherslu á að Persónuvernd hafi nægilega getu, bæði fjárhagslega og í fjölda starfsmanna, til að geta haft virkt eftirlit með starfsemi fjárhagsupplýsingastofa. Telja samtökin að núverandi fyrirkomulag eftirlits með starfsemi Creditinfo sé ófullnægjandi.

Þar sem markaður fjárhagsupplýsingaveita er fákeppnismarkaður á Íslandi benda samtökin á að hyggilegt sé að fá álit Samkeppniseftirlitsins á skilmálum þessum áður en þau eru gefin út.

Athugasemdir við 1. gr. - um leyfisskyldu

Í 1. mgr. 1. gr. draganna segir að „*Brot geta leitt til þess að fjárhagsupplýsingastofa teljist að mati Persónuverndar ekki líkleg til að geta fullnægt skyldum sínum og verður henni þá ekki veitt endurnýjað starfsleyfi. Auk þess kann hún þá eftir atvikum að vera svipt leyfi.*“

Samtökin telja að í drögin vanti nánari skilgreiningu á því hvaða brot (eitt eða fleiri) eða atvik teljast falla undir framangreint, þ.e. hvaða tilvik geti réttlætt að fjárhagsupplýsingastofa verði svipt leyfi eða fái ekki leyfi endurnýjað. Þá telja samtökin mikilvægt að Persónuvernd hafi víðtækari heimildir, s.s. til að banna eða takmarka tiltekna starfsemi eða grípa með öðrum hætti inn í starfsemi leyfishafa. Loks telja samtökin að alla lýsingu á málsmeðferð skorti, s.s. bæði hvað varðar kvartanir, heimildir stjórnvaldsins til bráðabirgðaaðgerða (stöðva tilteknar aðgerðir/vinnslu til bráðabirgða) og annarra inngripa í starfsemi fjárhagsupplýsingastofa.

Þá er eðlilegt að ríkar skyldur séu á fyrirtæki sem hefur slíkt starfsleyfi og að brot á starfsleyfi varði viðurlögum, t.d. í formi sektargreiðslu eða bóta til neytenda. Eftirlit með starfseminni þarf að vera virkt og tryggja þarf að brot gegn starfsleyfi fái ekki viðgengist í margar vikur, mánuði eða jafnvel ár án þess að brugðist sé við. Svo virðist sem allar úrlausnir Persónuverndar gegn Creditinfo séu tilkomnar vegna kvartana fólks sem telur á sér brotið eða ábendinga utanaðkomandi aðila. Verði Creditinfo uppvíst að því að brjóta gegn starfsleyfi eins og ótal dæmi eru um, virðist fyrirtækin duga að láta af háttseminni (en þó aðeins eftir kvörtun) án þess að það hafi nokkur áhrif á starfsleyfi félagsins.

Persónuvernd þarf, að mati samtakanna, að geta beitt sektum eða viðlíka úrræðum við „minni brotum“, bæði til að knýja á um vinnslubreytingar, en einnig sem fyrirbyggjandi fælingarmátt gegn brotum. Samtökin telja einnig mjög mikilvægt að Persónuvernd hafi víðtækar heimildir til birtingu gagnsæistilkynningar þannig að upplýst sé um að leyfishafar séu að brjóta skilmála starfsleyfis. Má telja að slíkt dragi ekki síður úr áhættu á brotum, enda samræmist brot á skilmálum hvorki góðum stjórnarháttum eða þeim kröfum sem samfélagslega ábyrg fyrirtæki gera til viðskiptavina sinna.

Samtökin fagna því að úr starfsleyfi hafi fallið ákvæði um að starfsleyfishafi hafi hag af brotum áskrifenda. Sektin á að renna til þess sem brotið er á eða í ríkissjóð, en sakna þess þó að ekkert raunverulegt bit eða fælingarmáttur sé gegn brotum þar sem úrræði Persónuverndar séu það íþyngjandi að ólíklegt sé að þeim verði beitt.

Þá þarf að vera skýrt að skrái áskrifandi vanskil á kröfu sem á sér ekki stoð, skal hann greiða hinum skráða bætur sem nema upphæð skráðrar kröfu. Skal starfsleyfishafi greiða hinum skráða bæturnar og annast sjálfur innheimtu bóta frá áskrifanda.

Herða þarf á viðurlögum við brotum frá því sem nú er enda sýnir sagan að Creditinfo grípur seint og illa til aðgerða gagnvart viðskiptavinum sínum sem brjóta innheimtulög og Persónuvernd bregst ekki við brotum nema að skuldari kvarti formlega.

Þá telja samtökin nauðsynlegt að í skilmálum starfsleyfisins verði bætt við ákvæðum er snúa að skuldum við erlenda aðila. Vísa samtökin til þess að í starfsleyfið skorti skýr ákvæði hvað varðar skráningu einstaklinga í vanskilaskrá Creditinfo vegna meintra vanskila við erlenda lögaðila sem halda því fram að erlend lög gildi um viðkomandi lán/lánssamning. Reynslan af háttsemi smálánafyrirtækja sýnir að veruleg hættu sé á að aðilar nýti sér slík tæki til að skrá umdeildar kröfur á vanskilaskrá félagsins.

Athugasemdir við 2. gr. – Hvaða vinnsla er heimil

Athugasemdir við 2.1. gr. – almennt um heimila vinnslu

Samtökin gera athugasemdir við síðustu setninguna 2. mgr. og telja 4 ár of langan tíma. Þess ber að minnast að við breytingar á gjaldþrotalögum 2011 (lög um gjaldþrotaskipti 21/1991) var gerð breyting þannig að meginreglan sé sú að hægt er að viðhalda kröfum í tvö ár frá gjaldþrotaskiptum í stað fjögurra áður. Var það vilji löggjafans að stytta um helming áhrif gjaldþrota. Því telja samtökin það sama skuli eiga við um hámark skráningarlengdar eða að ekki megi miðla upplýsingum sem eru orðnar eldri en 2 ára. Á það skal bent að kröfuhafar geta með auðveldum hætti viðhaldið kröfum sínum og framlengt fyrningarfrestinum og því þeim að skaðlausu.

Þá telja samtökin, m.a. að teknu tilliti til andsvara Creditinfo við kvörtun Neytendasamtakanna, að skýrlega verði kveðið á um það skilyrði að löginheimta sé hafin, þ.e. að í því felist að löginheimta sé raunverulega hafin, s.s. með kröfu um gjaldþrotaskipti eða fjárnám. Þannig geti tilkynning um innheimtu eða innheimtuviðvörðun ekki talist til löginheimtu í skilningi starfsleyfisins.

Tilgreina þarf skýrlega í 3. mgr. að kröfuhafi beri skylda til að upplýsa um andmælarétt skuldara í lánskjali með sama hætti og heimild kröfuhafa til að tilkynna vanskil til starfsleyfishafa, sbr. 7. tl. 1. mgr. 2.2.2. gr., þ.e. slík ábending um andmælarétt þarf að vera áberandi og skýr í lánskjali. Þá telja samtökin einnig mikilvægt að tryggt sé að starfsleyfishafi sé með skýra, virka og einfalda leið til að tilkynna um andmæli og beri ábyrgð á að kröfuhafar, sem nýta sér vanskilaskrá starfsleyfishafa, bjóði sambærileg úrræði. Hafa ber í huga að ekki er gerð krafa um skrifleg andmæli skuldara til kröfuhafa.

Útfæra þarf nánar 4. mgr. um vafa á lögmæti. Afar óljóst er hvenær má telja að fjárhagsupplýsingastofa geti talið vafa leika um lögmæti kröfu. Nú liggur fyrir að Creditinfo hefur ekki sinnt þessari skyldu hingað til varðandi smálán þrátt fyrir að um áráraðir hafi verið ljóst að vafi léki um lögmæti þeirra, svo ekki sé sterkara að orði kveðið.

Óljóst er með öllu hvort og hver viðurlög eru við því að fjárhagsupplýsingastofa fylgi ekki skilmála um heimila vinnslu.

Athugasemdir við 2.2. gr. – nánar um söfnun upplýsinga

Í 2.2. gr. er að finna tæmandi upptalningu á því hvaða upplýsingar megi skrá og að tilgangur skráningarinnar (og vinnslu upplýsinganna) sé að persónuupplýsingarnar geti haft þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða.

Athugasemdir við 2.2.1. gr. – upplýsingar úr opinberum gögnum

Í 1. tl. 2.2.1.gr. er t.d. fjallað um hvaða gögnum megi safna úr upplýsingum dómstóla. Að mati samtakanna þarf að skilgreina betur hvað átt sé við með „höfuðstól“ skuldar. Leggja samtökin þannig til að hugtakið verði skilgreint þannig:

„Höfuðstóll er fjárhæð láns eða kröfu sem ekki inniheldur vexti, eða annars konar kostnað, þ.m.t. innheimtukostnað.“

Framangreind tillaga er tilkomin þar sem samtökin hafa rekið sig á að ekki eru allir sammála um skilgreiningu á orðinu höfuðstóll.

Í 1. og 2 tl. 2.2.1.gr. er viðmunarfjárhæð, sem safna má upplýsingum um, samtals 60.000 kr.

Í elsta starfsleyfi sem Persónuvernd sendi Neytendasamtökunum nam þessi upphæð 30.000 kr. Sé sú upphæð framreiknuð til dagsins í dag miðað við vísitölu neysluverðs næmi upphæðin 65.307 kr.

Samtökin telja að miða eigi við vísitölu launa þar sem fjárhagsfyrirgreiðsla, svo sem lán eru ávallt veitt með tilliti til greiðslugetu en ekki miðað við verðlag. Vísitala launa hefur rúmlega þrefaldast á tímabilinu farið úr 226.3 í 736,1 (www.hagstofa.is). Séu 30.000 kr. framreiknaðar miðað við vísitölu launa nemur viðmiðunarupphæðin 97.583 kr. og þar með samsvarandi greiðslugeta. Að því virtu leggja samtökin til að viðmiðunarfjárhæðin verði 100.000 kr. Í ljósi afar íþyngjandi afleiðinga og hamlandi þátttöku í samfélaginu við skráningu á vanskilaskrá telja samtökin viðmiðunarfjárhæðina þurfa að vera í samræmi við það.

Þá setja samtökin spurningamerki við að öll vanskil séu metin jöfn. Óeðlilegt er að við meðferð og vinnslu upplýsinga sé ávalt lagt að jöfnu skráningar fólks sem að einhverjum sökum lendir í vanskilum vegna einnar kröfu og skráningar fólks sem er með fjölda vanskilakrafna. Telja samtökin brýnt að setja inn hvatningarkerfi í skráningarferlið fyrir fólk að komast út af vanskilaskrá. Fjögurra ára heimild til vinnslu og miðlunar er of langur tími að mati samtakanna þegar um er að ræða vanskil vegna einstakra atburða. Því telja samtökin rétt að sé hinn skráði einungis með skráningu vegna eins atburðar eða skráður vegna eins aðila, og verði ekki fyrir skráningu frá öðrum aðila eða vegna annars atburðar, megi einungis vinna með eða miðla upplýsingum um það í eitt ár og vanskil verði afmáð að þeim tíma liðnum. Sjá nánar um lengd heimillar vinnslu í athugasemdum við 2.1. gr.

Í 8. tl. verði „síðastliðin 2 ár“ í stað 4 ára, með sömu rökum og í athugasemdum við 2.1. gr.

Athugasemdir við 2.2.2. gr. – upplýsingar frá áskrifendum

Samtökin áréttu fyrir ábendingar um að viðmiðunarfjárhæð verði hækkuð í 100.000 kr., hugtakið höfuðstóll verði skilgreint, sbr. áður, og að gerður verði greinarmun á eðli og tilvist krafna, sem og að aðilar geti haft raunhæft tækifæri til að komast af vanskilaskrá félagsins.

Í 6. tl. 1. mgr. 2.2.2. gr. er vísað til samnings („samningur“). Er óljóst til hvers konar „samnings“ er verið að vísa. Sé það hvers konar samningur, er óþarfi að nefna aðrar tegundir samninga eins og „nauðasamninga“ og „nauðasamninga til greiðsluaðlögunar.“

Í 7. tl. 1. mgr. 2.2.2. gr. gera samtökin kröfu um að sé slíkt ákvæði í láns- eða skuldaskjali komi andmælaréttur skýrlega fram og með sama hætti og heimild til skráningar, , til dæmis með feitletrun. En jafnframt komi fram á skjalinu að skuldari geti andmælt skuldinni og að umdeildar skuldir fari ekki á vanskilaskrá. Þannig væri tryggt að skuldarar séu upplýstir um þennan rétt sinn – en veiti ekki bara heimild fyrir skráningu. Hafa ber í huga að þetta eru stöðluð ákvæði og lántakar hafa ekkert svigrúm til að andmæla þessu ákvæði. Þá telja samtökin nauðsynlegt að fjárhagsupplýsingastofa hafi skýr, virk og einföld úrræði til að koma andmælum á framfæri og beri ábyrgð á því að þeir kröfuhafar og áskrifendur, sem nýti sér heimildir, geri það einnig.

Vegna 7. tl. 1. mgr. 2.2.2. gr. : Það þurfa að vera skýrar og alvarlegar afleiðingar vegna rangrar skráningar, til dæmis fjárbætur til hins skráða og lokun aðgangs áskrifanda. Telja samtökin að hér þurfi að vera um verulegar fjárhæðir að ræða og til skoðunar komi að fjárhagsupplýsingastofu verði gert skylt að rifta samningi við áskrifanda, gera tilkynninguna þar um opinbera sem og ástæður riftunarinnar og tilkynna riftunina til Persónuverndar. Augljóst er að núverandi fyrirkomuleg hefur engin fælingaráhrif á þá aðila sem hafa nýtt sér virkni vanskilaskrár Creditinfo.

Athugasemdir við 3. gr. - gerð skýrslna um lánshæfi einstakling

Í 3. gr. skilmálanna er fjallað um aðferðarfræði við gerð skýrslu um lánshæfi einstaklinga. Telja samtökin hér miklu skipta að slík skýrsla getur haft veruleg áhrif á getu einstaklinga til fjármögnunar á Íslandi og því skiptir miklu máli að aðferðarfræðin sé hafin yfir gagnrýni. Þá ber að hafa í huga, að þó beiðnin sé komin frá hinum skráða, þá er slík beiðni iðulega tilkomin vegna órávíkjanlegrar kröfu lánveitanda, þ.e. um að lántaki óski eftir og samþykki að slík skýrsla sé gerð. Þannig eru slíkar beiðnir iðulega tilkomnar vegna lántöku, sem getur verið þvinguð vegna óviðkomandi aðstæðna. Telja samtökin að taka skuli tillit til þess þegar metið er hvort raunverulega sé um óþvingaða viljayfirlýsingu hins skráða um vinnsluna. Oftar en ekki á hinn skráði engan annan valkost en að óska eftir vinnslunni. Er þannig sjaldnast um óþvingaða yfirlýsingu að ræða.

Samtökin telja mikilvægt að tölfræðilíkanið sé háð úttekt óháðs aðila sem sannreynir getu þess til að reikna út líkur á greiðslufalli. Þá telja samtökin nauðsynlegt að aðferðarfræði líkansins sé aðgengileg og opin öllum. Þá þurfi að vera skýrt að ekki megi nota tölfræðilíkan nema að úttekt óháðs aðila leiði í ljós að það virki sem skyldi. Telja samtökin jafnframt nauðsynlegt að úttekt hins óháða aðila verði birt opinberlega.

Þá telja samtökin það skjóta skökku við að höfuðáhersla sé lögð á rekjanleika áskrifenda skv. 6. gr. en nánast engin áhersla er lögð á rekjanleika og áreiðanleika reiknaaðferðarinnar sjálftrar, sbr. 3. gr.

Loks telja samtökin afar mikilvægt er að kerfið sem notað er við flokkun eða einkunnargjöf sé gagnsætt, sannreynanlegt og skýrt, þannig að aðilar viti hvaða breytur hafa áhrif á matið og hvert sé vægi hverrar breytu.

Samtökin leggja til að í 2. mgr. 3. gr. bætist við eftir fyrstu setninguna:

„Fjárhagsupplýsingastofa skal uppýsa hinn skráða um hvaða áhrif vinnsla með upplýsingar úr opinberum gögnum hefur, áður en samþykki er fengið“.

Samtökin leggja til að í 5. mgr. 3. gr. falli eftirfarandi setning niður þar sem með því er í raun uppljóstrað um það sem óheimilt er í setningunni á undan:

“Fjárhagsupplýsingastofu er þó heimilt að greina áskrifendum frá því hvort byggt sé á breytum sem hinn skráði hefur sérstaklega samþykkt, en þá skal sem endranær gætt að ekki sé upplýst um hverjar þessar tilteknu breytur séu.”

Loks leggja samtökin til að við 5. mgr. 3. gr. verði bætt við eftirfarandi ákvæði:

„Einstaklingi er á hverjum tíma heimilt að óska eftir lánshæfismati sínu, sér að kostnaðarlausu, og skal fjárhagsupplýsingastofa verða við óskum hans og senda með þeim hætti sem einstaklingur óskar. Einstaklingi er ekki skylt að sækja upplýsingarnar inn á lokað vefsvæði í eigu fjárhagsupplýsingastofu, heldur getur fengið upplýsingarnar sendar hvenær sem er, til dæmis í bréfpósti, island.is, eða í netbanka sinn.“

Til vara:

„Séu upplýsingar sóttar inn á öruggt vefsvæði í eigu fjárhagsupplýsingastofu má fjárhagsupplýsingastofa ekki gera einstaklingi að samþykkja skilmála sem teljast íþyngjandi eða heimila vinnslu upplýsinga aðrar en þær sem sóttar eru.“

Athugasemdir við 4. gr. – um miðlun persónuupplýsinga

Varðandi „vöktun“ í 5. og 6. mgr. skal fjárhagsupplýsingastofa tilkynna um að vöktun sé hafin og jafnframt þegar henni lýkur með sama hætti og kveður á um í 5.gr.

Varðandi uppflettingar, í 4.mgr. 4. gr., skal bæta við setninguna: „Jafnframt er óheimilt að nota þær upplýsingar í gerð skýrsla um lánshæfi einstaklinga.“

Ekki er í 4. gr. tekið á miðlun fjárhagsupplýsinga til viðtakenda í öðru landi líkt og í sambærilegum starfsleyfum nágrannalanda. Samtökin leggja til að fjárhagsupplýsingastofa þurfi að sækja um leyfi Persónuverndar til þess að miðla til aðila í 3.landi og að tryggt sé að persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga í landi viðtakanda sé tryggð.

Athugasemdir við 5. gr. - réttindi hins skráða

Athugasemdir við 5.1. gr. - Fræðsluskylda

Í greinina vantar að tekið sé á upplýsingaskyldu er varðar lánshæfismat og vöktun sbr. 5. og 6. mgr. 4. gr. Eftirfarandi er lagt til:

„Fjárhagsupplýsingastofu sem reiknar lánshæfi einstaklinga sbr. 3. gr. eða „vaktar“ þá sbr 5. og 6.mgr 4. gr. ber að upplýsa og skýra út fyrir einstaklingi hver aðferðafræðin sé, hvernig persónulegt líkindamat hans sé unnið, hvað hann geti gert til að bæta hæfi sitt og hvaða áhrif það muni hafa.“

Fræðslan skal fara fram á tungumáli viðkomandi einstaklings og vera sannanlega þannig úr garði gerð að einstaklingur skilji fræðsluna. Samtökin leggja til að eftirfarandi verði bætt við:

„Sérstaklega skal tekið tillit til mannréttinda og mannglegrar reisnar viðkvæmra og jaðarsettra hópa.“

Fjárhagsupplýsingastofu verði skylt að upplýsa hinn skráða um allan rétt sinn og til að veita honum ókeypis óháða raunverulega fræðslu og ráðgjöf um réttindi sín, meðal annars hvaða úrræði standa honum til boða og hvert hann geti leitað sér óháðrar ráðgjafar. Afar mikilvægt er að hinn skráði geti á hverjum tíma fengið upplýsingar um stöðu sína og vinnslu upplýsinga

sér að kostnaðarlausu. Þá þarf að vera tryggt að viðtakandi geti skilið efni tilkynningarinnar enda ekki endilega um íslenskan ríkisborgara að ræða eða íslenskumælandi.

Samtökin leggja til að bætt verði við „í eigu þriðja aðila“ á eftir „...sérstakt og öruggt vefsvæði,..“ í 1. mgr. 5.1.2. gr. Þá skal fjárhagsupplýsingastofa bera byrði sönnunar á að upplýsingar berist einstaklingi og skal allur vafi túlkaður hinum skráða í hag. Sérstaklega skal huga að jaðarhópum og fólks sem ekki hefur íslensku að móðurmáli og fólks í viðkvæmri stöðu, sem oft þekkja ekki réttindi sín og skyldur.

Athugasemdir við 5.2. gr. – Rangar eða villandi upplýsingar

Hér skortir að koma í veg fyrir rangar eða villandi skráningar með viðeigandi refsingu við slíku broti. Samtökin leggja til stighækkandi sektir eftir alvarleika brota.

Athugasemdir við 5.3. gr. - afskráning og eyðing upplýsinga

Samtökin leggja þunga áherslu á íþyngjandi áhrif skráningar á einstaklinga og leggja til að fyrsta setningin 1. mgr. innifeli orðið tafarlaust: „Fjárhagsupplýsingastofa skal **tafarlaust** afskrá...“

Samtökin setja spurningamerki við að meðferð og vinnsla upplýsinga sé ávalt lagt að jöfnu skráningar fólks sem að einhverjum sökum kemst í vanskil vegna einnar kröfu og skráningar fólks sem er með fjölda vanskilakrafna. Telja samtökin brýnt að setja inn hvatningarkerfi í skráningarferlið fyrir fólk að komast út af vanskilaskrá. Fjögurra ára heimild til vinnslu og miðlunar er of langur tími að mati samtakanna þegar um er að ræða vanskil vegna einstakra atburða. Eins og fyrr segir leggja samtökin til að heimild til varðveislu upplýsinga verði færð til tveggja ára til samræmis við gjaldprotalög. Eins telja samtökin rétt að sé hinn skráði einungis með skráningu vegna eins atburðar eða skráður vegna eins aðila, og verði ekki fyrir skráningu frá öðrum aðila eða vegna annars atburðar, megi einungis vinna með eða miðla upplýsingum um það í eitt ár og vanskil verði afmáð að þeim tíma liðnum.

Eyða skal öllum upplýsingum að þeim tíma liðnum enda óheimilt að geyma gögn lengur en 2 ár, enda hafa samtökin engin rök séð sem réttlæta lengri geymslutíma. Enn benda samtökin á vilja löggjafans um styttingu áhrifa gjaldprotalaga sbr. athugasemdir við 2.1. gr.

Í grein 5.3. stangast á réttindi neytenda og hagsmunir fjárhagsupplýsingastofu. Fjárhagsupplýsingastofa hefur hagsmuni af því að geyma og vinna með upplýsingar sem lengst, sem hefur íþyngjandi áhrif á skráða einstaklinga. Hér kristallast mikilvægi eftirlits Persónuverndar með eyðingu upplýsinga. Ekki er tekið á eftirliti í greininni, né heldur viðurlögum við brotum þar á. Samtökin fara fram á að virkt eftirlit sé með afskráningu og eyðingu upplýsinga og viðurlög við brotum séu skýr og í samræmi við brot.

Athugasemdir við 5.4. gr. - Um andmælarétt hins skráða

Samtökin telja að hér vanti að bæta við sérákvæði um að „Túlka skal allan vafa hinum skráða í hag.“, sbr. þó einnig fyrri ábendingu. Þá leggja samtökin til að leiðbeiningarskylda fjárhagsupplýsingastofu verði áréttuð.

Þá leggja samtökin til að skilmálarnir geri ráð fyrir að heildarsamtök neytenda geti andmælt skráningu fyrir hönd tiltekins hóps aðila.

Athugasemdir við 5.5. gr. - Um aðgangsrétt hins skráða

Samtökin leggja fram þá tillögu að fjárhagsupplýsingastofu verði skylt að miðla til einstaklinga upplýsingum um hvaða tilteknu breytur hafi áhrif á niðurstöðu lánsþæfismats og hvernig einstaklingur geti bætt matið.

Hvað varðar sendingu gagna þá vísast til fyrri athugasemdar.

Athugasemdir við 6. gr. – samningar við áskrifendur

Í 6.gr. skortir viðurlög við brotum á samningi. Viðurlög þurfa að vera skýr og kröftug, að brot varði riftingu samning. Þá þarf að koma í veg fyrir möguleika á kennitöluflakki. Óheimilt verði að sé áskrifanda sagt upp, geti annar aðili keypt kröfurnar og haldið áfram að skrá á vanskilaskrá, líkt og Núnú lán ehf. gerði við kröfur eCommerce 2020 sem Almenn Innheimta var með til innheimtu. Girða verður fyrir slíkt „kennitöluflakk“.

Ekki er nægjanlegt að fjárhagsupplýsingastofu beri „að tilkynna“ til Persónuverndar „komi í ljós að áskrifandi hafi brotið gegn skilmálum...“. Það þarf að vera skýrt að fjárhagsupplýsingastofa beri ábyrgð á vinnslu áskrifenda og að brot áskrifenda komi við fjárhagsupplýsingastofu einnig. Gera verður kröfu um virkt eftirlit fjárhagsupplýsingastofa með áskrifendum sínum. Fær það enn frekari stuðning í svörum Creditinfo vegna kvörtunar Neytendasamtakanna þar sem eftirlit var augljóslega algerlega ófullnægjandi.

Athugasemdir við 9. gr. - skýrslugjöf til Persónuverndar

Þjóðhagslega mikilvægt getur verið að fá margvíslegar tölfræðilegar upplýsingar úr kerfi fjárhagsupplýsingastofu. Því er mikilvægt að Persónuvernd eða aðrar stofnanir ríkisins geti kallað eftir frekari tölfræðigögnum en nefnd eru í 9. gr.

Samtökin telja eðlilegt og í raun mjög mikilvægt að gerð verði sú krafa að starfsleyfishafa sé skylt að veita stjórnvöldum tölfræðilegar upplýsingar um hvaðeina sem óskað er eftir og ekki er persónugreinanlegt, þar með talið, en ekki einskorðað við; upplýsingar um fjölda skráninga, tegundir lána, aldur lántaka, búsetu o.fl. Slíkar upplýsingar eru mjög mikilvægar í samfélagslegu tilliti og má nefna að enginn hefur upplýsingar um umfang vanskila vegna smálána. Creditinfo vísar ítrekað til þess að starfsleyfið heimili fyrirtækinu ekki að veita neinar slíkar upplýsingar sem þó væru á engan hátt persónugreinanlegar. Eðlilegt er að fyrirtæki sem hefur ávinning af því að afla gagna um skuldastöðu landsmanna og er í einokunarstöðu sé heimilt að veita ópersónugreinanlegar tölfræðiupplýsingar. Fjárhagsupplýsingastofa hefur hafnað að veita slíkar mikilvægar upplýsingar þegar falast hefur verið eftir þeim.

Samtökin leggja til að fjárhagsupplýsingastofu verði gert að senda Persónuvernd mánaðarlegar, eða ársfjórðungslegar tölfræðiskýrslur með upplýsingum sem Hagstofan, Seðlabankinn, fjármálaráðuneytið o.fl. opinberar stofnanir telja nauðsynlegar.

Neytendasamtökin og Alþýðusamband Íslands þakka fyrir að fá að koma athugasemdum sínum á framfæri og veitum gjarnan frekari upplýsingar og útskýringar á fundi með Persónuvernd.

F.h. Neytendasamtakanna

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Breki Karlsson'.

Breki Karlsson, formaður

F.h. Alþýðusambands Íslands

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Drífa Snædal'.

Drífa Snædal, forseti